

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 93/27/EBE**

frá 4. júní 1993

**um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/113/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukarnir hafa verið kerfisskráðir í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Notkun sýklalyfsins „avóparsíns“, hníslalyfsins „ró-bendíns“ og sætuefnisins „neóhesperídín díhýdrókalkón“ auk þykkingarefnisins „sellulósadufts“ hefur verið nákvæmlega prófuð í tilteknum aðildarríkjum. Svo virðist sem unnt sé að heimila þessa nýstárlegu notkun hvarvetna í bandalaginu á grundvelli fenginnar reynslu.

Nýstárleg notkun hníslalyfsins „virgíníamýsíns“ hefur verið prófuð með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Slíka nýja notkun ber að heimila til bráðabirgða innanlands meðan beðið er eftir að það sé heimilað á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja, eigi síðar en 31. mars 1994, nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. júní 1993.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

René STEICHEN

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 2.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

1. Í I. viðauka:

a) í A-hluta „Sýklalyf“ verður orðalag í lið E 715 „Avóparsín“ sem hér segir:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
			„Lömb frá upphafi jórturs að undanteknum lömbum á beit	16 vikna	10	20	—“

b) í D-hluta „Bragðefni og lystaukandi efni“ verður orðalag í lið E959 „Neóhesperídín díhýdrókalkón“ sem hér segir:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
			„Kálfar	—	—	30	—
			Sauðfé	—	—	30	—“

c) í D-hluta „Hnísalyf og önnur lyf“ verður orðalag í lið E 758 „Róbenidín“ sem hér segir:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
			„Kanínur til undaneldis	—	50	66	Notkun bönnuð minnst fimm dögum fyrir slátrun“

d) í E-hluta „Ýruefni, þykkingarefni og hleypiefni“ bætist eftirfarandi liður við eftir E-lið 460 „Örkristallaður sellulósi“:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
„E 460ii)	Sellulósaduft	—		—	—	—“	

2. Í II. viðauka:

a) í A-hluta „Sýklalyf“ bætist eftirfarandi liður við:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
					heilfóður, mg/kg			
„30	Virginíamýsín	I $C_{28}H_{35}O_7N_3$ II $C_{43}H_{49}O_{10}N_7$	Gyltur	—	20	40	—	30.11.1994“